

INGIBJÖRG EYÞÓRSDÓTTIR

## „Reif hann hennar stakkinn, reif hann hennar serk“

Nokkur orð um konur og kynbundið ofbeldi  
í íslenskum sagnadönsum<sup>1</sup>

Sagnadansar varðveittir hér á landi eru sérkennileg og um leið heillandi kveðskapargrein sem sker sig talsvert frá öðrum hérlendum kveðskap. Því veldur aðallega tvennt. Annars vegar eru þeir augljóslega innfluttir og lítt lagaðir að íslenskum aðstæðum, tungumáli eða bragreglum og hafa því yfir sér framandlegan og oft mjög ljóðrænan blæ og hins vegar tengist efni þeirra að miklu leyti samskiptum kynjanna: ástum, svikum og ekki síst ofbeldi. Sjónarhorn kvæðanna er í flestum tilvikum kvennanna og sögu-samúðin liggur sömuleiðis oftast hjá þeim. Nokkur kvæði sem öðru fremur fjalla um kynbundið og kynferðislegt ofbeldi eru aðalumsfjöllunarefni þessarar greinar.

Sagnadansar eru ekki eini vettvangurinn innan íslenskra miðaldabókmennta og bókmennta frá lærdómsöld þar sem konur og raddir kvenna eru áberandi – og heldur ekki sá eini þar sem fjallað er um kynferðislegt ofbeldi. Jóhanna Katrín Friðriksdóttir hefur skrifað um hvernig konur tjá sig, hvernig brugðist er við orðum þeirra og áhrif þeirra á framgang atburðarásar innan ýmissa greina íslenskra miðaldabókmennta,<sup>2</sup>

<sup>1</sup> Efni greinarinnar tengist doktorsrannsókn minni á íslenskum sagnadönsum sem unnin er við Íslensku- og menningardeild Háskóla Íslands undir handleiðslu Aðalheiðar Guðmundsdóttur. Rannsóknin er styrkt af Háskólasjóði Eimskipafélagsins. Í titli er vísað í *Kvæði af Margrétu og Eilíf*, Vésteinn Ólason, *Sagnadansar*, Reykjavík: Rannsóknarstofnun í bókmenntafræði og Menningarsjóður, 1979, bls. 249. Tilvitnanir í sagnadansa er fengnar úr þessu riti til hagræðingar, þar sem þeir eru með nútímastafsetningu.

<sup>2</sup> Jóhanna Katrín Friðriksdóttir, *Women in Old Norse Literature: Bodies, Words, and Power*, New York: Palgrave Macmillan, 2013.

Aðalheiður Guðmundsdóttir hefur skrifað um ofbeldi gegn konum og muninn á því hvernig karlar koma fram við konur eftir stéttum í fornaldarsögum annars vegar og þýddum sem frumsömdum riddarasögum hins vegar<sup>3</sup> og Sif Ríkharðsdóttir hefur rætt um tilfinningar og tilfinningalega forskrift í norrænum miðaldabókmenntum.<sup>4</sup> Sagnadansar hafa þó allmikla sérstöðu hvað varðar sjónarhorn og umfjöllunarefni sem skrif þeirra allra draga í raun enn betur fram: sögusamúðin er mun fremur hjá konum sagnadansanna en annarra bókmenntagreina og umfjöllunarefni þeirra er oftast nær mjög kvenlægt. Og þótt frásagnarmáti kvæðanna sé fremur hlutlægur og blátt áfram og um margt líkur öðrum kvæðagreinum miðalda er skýr afstaða tekin gegn kynferðisofbeldi í stórum hluta þeirra – en þó alls ekki öllum.

Í upphafi er rétt að fara nokkrum orðum um kvæðagreinina. Sagnadansar eru fremur stutt og hnitmiðuð kvæði sem segja sögu, voru ævinlega sungin og gengu manna á milli sem munnleg kvæðagrein.<sup>5</sup> Þeir hverfast oftast um einn ákveðinn atburð, sagt er frá aðdraganda hans og afleiðingum enda hefur atburðurinn djúpstæð áhrif á það fólk sem sagt er frá. Þetta er sameiginlegt sagnadönsum alls staðar þar sem þeir hafa tíðkast. Sagnadansar nutu vinsælda um alla Evrópu á hámiðöldum og lengur, að minnsta kosti í Norður-Evrópu. Víða hefur einnig verið stiginn við þá dans en ekki er hægt að fullyrða að svo hafi verið alls staðar, enda eru einhver tilbrigði við þessa meginlýsingu eftir svæðum.

Sagnadönsum á Norðurlöndum hefur gjarnan verið skipt í flokka eftir umfjöllunarefni. Svend Grundtvig sem gaf út danska sagnadansa um miðja 19. öld, *Danmarks gamle Folkeviser* (DgF),<sup>6</sup> skipti þeim í megindráttum í fernt: hetju- eða kappakvæði (d. *kæmpeviser*), kvæði byggð á þjóðtrú og goðsögum (d. *naturmytiske viser, legendeviser*), söguleg kvæði

<sup>3</sup> Aðalheiður Guðmundsdóttir, „How Do You Know if it is Love or Lust?” On Gender, Status, and Violence in Old Norse Literature“, *Interfaces* 2/2016, bls. 189–209.

<sup>4</sup> Sif Ríkharðsdóttir, „Translating Emotion: Vocalisation and Embodiment in Yvain and Ívens saga“, *Emotions in Medieval Arthurian Literature: Body, Mind, Voice*, ritstj. Frank Brandsma, Carolyne Larrington og Corinne Saunders, Woodbridge, Suffolk: D.S. Brewer, 2015, bls. 161–179; *Emotion in Old Norse Literature: Translations, Voices, Contexts*, Woodbridge, Suffolk: Boydell & Brewer, 2017.

<sup>5</sup> T.d. Gordon Hall Gerould, *The Ballad of Tradition*, Oxford: The Clarendon Press, 1932, bls. 3. Samkomulag virðist vera um skilgreiningu Geroulds og hún hefur lítið breyst síðan hann setti hana fram.

<sup>6</sup> Svend Grundtvig og fl., *Danmarks gamle Folkeviser*, Kaupmannahöfn: s.n., 1853–1975.

(d. *historiske viser*) og riddarakvæði (d. *ridderviser*). Í ritinu *The Types of the Scandinavian Medieval Ballad* (hér eftir TSB), þar sem allflestir sagnadansar á Norðurlöndum eru flokkaðir, eru þeir sex: kvæði um yfirnáttúrlega atburði, kvæði um goðsögulegt efni, söguleg kvæði, riddarakvæði, kappkvæði og gamankvæði.<sup>7</sup> Þeir fjalla um vaska kappi og riddara, kónga og drottningar, samskipti fólks af ólíkum stéttum, átök biðla um álitlegar meyar og tilraunir feðra og bræðra til að hemja dætur sínar og systur innan siðferðisramma fjölskyldu og samfélags. Þeir segja frá stúlkum sem etja kappi við yfirnáttúrlegar verur og hafa jafnan betur, tilraunum álfadísanna til að seiða mennska menn og mis-velheppnuðum tilraunum til að beita ástargaldri. En furðu oft fjalla þeir um ofbeldi af einhverju tagi: á milli karla í fjölskyldum kvenna og ástmanna þeirra, ofbeldi sem afbrýðisamar konur beita aðrar konur, og gróft kynferðislegt ofbeldi gegn konum. Reyndar eru konur mun meira áberandi í sagnadönsum en í nokkurri annarri kveðskapargrein hér á landi. Vésteinn Ólason benti á þetta í doktorsritgerð sinni *The Traditional Ballads of Iceland: Historical studies*: „Í engri annarri kvæðagrein frá síðmiðöldum eða næstu öldum þar á eftir, gegna konur jafn afgerandi hlutverki. Og hvergi annars staðar er örlögum þeirra lýst af jafn mikilli samúð og gert er í meirihluta sagnadansa.“<sup>8</sup> Þetta er áhugavert og þess virði að rannsaka. Hvernig stendur á þessu umfjöllunarefni og ekki síður þeirri samúð með hlutskipti kvenna sem birtist í sjónarhorni kvæðanna? Er mögulegt að sagnadansar á Íslandi hafi jafnvel fyrst og fremst verið kveðnir af konum? Þessum spurningum er hér varpað fram án þess að afdráttarlaus svör fáist að svo búnu. Leitað verður svara í varðveislu kvæðanna og skrifum um dans og dansgerðir, sagt verður frá bakgrunni greinarinnar og að lokum fjallað um nokkur kvæði sem greina frá afdráttarlausu kynbundnu og kynferðislegu ofbeldi sem er fordæmt innan sjálfrá kvæðanna og jafnvel gripið til aðgerða gegn gerendum.

<sup>7</sup> *The Types of the Scandinavian Medieval Ballad: A descriptive catalogue*, ritstj. Bengt R. Jonsson, Svale Solheim og Eva Danielson, í samstarfi við Mortan Nolsøe og W. Edison Richmond, Oslo, Bergen, Tromsø: Universitetsforlaget, 1978.

<sup>8</sup> „In no other type of poetry from the late Middle Ages or the sub-sequent centuries do women play such a decisive role. Nor is their fate elsewhere described with as much sympathy as in the majority of the ballads“. Vésteinn Ólason, *The Traditional Ballads of Iceland: Historical studies*, Reykjavík: Stofnun Árna Magnússonar, 1982, bls. 24.

*Nokkur orð um bakgrunn og uppruna*

Margt er á huldu um uppruna sagnadansa. Í upphafi 11. aldar er sagt frá dansandi betlurum í Þýskalandi sem sungu kvæði með viðlagi sem svipar að ýmsu leyti til sagnadansa að forminu til og jafnvel einnig efnislega.<sup>9</sup> Heimildir eru um áþekk kvæði í Englandi og Danmörku og á Íslandi er greint frá dansi og danskvæðum í sögum sem eiga að gerast snemma á 12. öld, þótt heimildirnar séu að minnsta kosti öldinni yngri. Í Frakklandi voru til kvæði byggð á munnlegum kveðskap, sem hafa fyrst og fremst verið tengd hinna kurteislegu hirðmenningu franska aðalsins, *chanson d'histoire* eða *chanson de toile* og hinu bretónska sagnaefni, *matière de Bretagne*. Hvað sem öðru líður voru kvæði af þessu tagi útbreidd um alla Evrópu á hámiðöldum.<sup>10</sup> Það er ljóst að sá sagnaheimur sem er ríkjandi í sagnadönsum, sérstaklega þeim sem segja frá riddurum og frúm, er nátengdur þeim sem finna má í frönskum rómönsum og hirðkvæðum, en gæti samt sem áður verið runninn frá alþýðufólki víða um álfuna. Einnig er vert að hafa í huga þýðingar á frönskum riddarabókmenntum við norsku hirðina sem áttu sér stað frá fyrri hluta 13. aldar og fram á þá 14.

Kvæði sem falla undir skilgreiningu sagnadansa og hafa varðveist hér á landi eru um 100 að tölu, og eru mun færri en annars staðar á Norðurlöndum. Samkvæmt skilgreiningu Vésteins Ólasonar fjalla 74 kvæði um „riddara og frúr“.<sup>11</sup> Fyrir utan þessi kvæði fjalla nokkur gamankvæði einnig um samskipti karla og kvenna þannig að alls má segja að rúmlega 80 kvæði segi frá samskiptum kynjanna á einhvern hátt. Samkvæmt TSB eru riddarakvæðin hérlendis þó aðeins 64. Ástæðan fyrir þessu misræmi er sú að flest kvæðin er hægt að flokka á fleiri en eina vegu, því þótt þau séu fremur stutt og einföld í sniðum er umfjöllunarefnið sjaldan einfalt. Kvæði getur bæði sagt frá yfirnáttúrlegum atburðum og ofbeldi gegn konum og því væri mögulegt að flokka það í tvo óskylda flokka, eftir því hvað sá sem flokkar telur mikilvægara. *Kvæði af vallara systrabana* (ÍF 15; TSB B21) sem

<sup>9</sup> Ernst Erich Metzner, „Lower Germany, England, Denmark and the Problem of Ballad Origins“, *The European Medieval Ballad: A symposium*, ritstj. Otto Holzapfel, Julia McGrew og Iorn Piø, Odense: Odense University Press, Laboratorium for folkesproglig Middelalderlitteratur, 1978, bls. 27–33.

<sup>10</sup> Bengt R. Jonsson, „Oral literature, written literature: The Ballad and Old Norse Genres“, *The Ballad and Oral Literature*, Harvard English Studies 17, ritstj. Joseph Harris, Cambridge MA, London: Harvard University, 1991, bls. 150–152.

<sup>11</sup> Vésteinn Ólason, *Sagnadansar*, bls. 5 (efnisyfirlit).

rætt verður um hér að aftan, og *Hildibrands kvæði* (ÍF 7; TSB A26) eru gott dæmi um þetta.<sup>12</sup> Bæði eru flokkuð sem kvæði um yfirnáttúrleg efni af einhverju tagi í TSB, en Vésteinn Ólason segir fyrra kvæðið fjalla um „nauðuga ást“, en það seinna um „ástina og ættina“. Engu að síður fjalla þau fyrst og fremst um ofbeldi gegn konum. Reyndar er afar áhugavert hversu oft ofbeldið víkur fyrir öðrum þáttum í flokkun kvæðanna sem leiðir hugann að því hvort greina megi þar ákveðna fælni eða jafnvel blindu, og að ofbeldið hafi á einhvern hátt verið talið óáhugavert eða jafnvel sjálfsagt af þeim sem flokkuðu þau.

### *Konur sem heimildarmenn?*

Elsta safn sagnadansa hér á landi er *Kvæðabók sr. Gissurar Sveinssonar* (AM 147 8vo)<sup>13</sup>, sem skráð var árið 1665 en stök kvæði og kvæðabrot er að finna í nokkrum eldri handritum. Ættmenni Gissurar eiga svo heiðurinn að flestum handritum frá seinni hluta 17. aldar sem hafa að geyma íslenska sagnadansa. Þar er engra heimildarmanna getið og enga skýringu er að finna á því hvers vegna farið var að safna kvæðunum á þessum tíma, þótt líklegt sé að útgáfa á dönskum sagnadönsum skömmu fyrir aldamótin 1600 og áhugi danskra aðalsmanna og ekki síst -kvenna á greininni hafi átt hlut að máli. Árni Magnússon, sem einnig safnaði sagnadönsum, getur þess stundum að konur hafi verið heimildarmenn, nefnir aldur þeirra og búsetu, en nafngreindir aðeins eina þeirra.<sup>14</sup> Nafnleysi kvennanna bendir til þess að þær hafi ekki staðið hátt í virðingarstiga samfélagsins. Því er ljóst að karlar hafa safnað munnlegum arfi sem virðist fyrst og fremst fenginn frá nafnlausum konum. Í Þjóðfræðisafni Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum, þar sem er að finna nokkrar upptökur af sagnadönsum, eru mun fleiri konur sem kveða kvæðin en karlar. Það segir reyndar ekki

<sup>12</sup> ÍF-númer miðast við upphaflega röð kvæðanna í *Íslenskum fornkvæðum* I–II, ritstjórar: Svend Grundtvig og Jón Sigurðsson, Kaupmannahöfn: Det nordiske Litteratur-Samfund, 1854–1885. Þau númer fylgdu kvæðunum í útgáfu Jóns Helgasonar, *Íslensk fornkvæði, islandske folkeviser* I–VIII, Kaupmannahöfn: Editiones Arnarnagæðanæ, 1962–1981 og doktorsritgerð Vésteins Ólasonar, *The Traditional Ballads of Iceland*, 1982. Í A-hluta ritsins eru kvæði um yfirnáttúrlega hluti, í B-hluta þess kvæði byggð á helgisagnaefni.

<sup>13</sup> Hér er átt við handrit úr safni Árna Magnússonar (AM), nr. 147 í litlu broti en 8vo merkir skinn brotið saman í átta hluta. Þetta handrit er samt sem áður pappírshandrit.

<sup>14</sup> Vésteinn Ólason, *The Traditional Ballads of Iceland*, bls. 22.

margt um hvernig hefðin hefur verið í gegnum aldirnar, hvorki um kynjahlutfallið né flutningsmáta kvæðanna.<sup>15</sup>

Heimildir um dans og flutning sagnadansa eru mjög fáar og óskýrar þær sem þó eru til. *Niðurráðan og undirvísan hvurninn gleði og dansleikir voru tíðkaðir og um bönd hafðir á fyrri tíð* (DFS 67) er ritgerð eftir óþekktan höfund, að öllum líkindum frá seinni hluta 18. aldar. Þar er að finna lýsingu á gleði, allt frá því að tveir menn safna fólki saman til vökunæturrinnar og þar til henni er slitið að morgni. Áhugavert er að sjá þar hversu mikil áhersla er lögð á hlut kvenna í gleðinni, sem hefst á því að þær „kveða heilög kvæði útvalin“. Þar kemur einnig fram að konur hafi bæði dansað og kveðið einar: „Nú setja gleðimennirnir til kvennadans. Hann innréttast so, að kvenfólkið allt stígur dans í hring, og þá þær hætta, slá þær upp í vikivaka.“<sup>16</sup> Í framhaldi af þessu er rætt um hjörtleik, en að honum loknum segir: „[...] en kvenfólkið snýst í vikivaka, það sem í kringum hjörtinn stóð og kveða þær þau fallegustu kvæði sem fást kunna, og nú hlýða allir sameiginlega. Kvæðin finnast víða rituð. Þau þarf eg ei framar til að nefna“. Og nokkru síðar: „Kvenfólkið kveður þau beztu kvæði.“ Líklegt má teljast að við hringdansinn sé kveðinn sagnadans en ekki er ljóst samkvæmt ritgerðinni hvort konur hafi kveðið fyrir þeim dansi.<sup>17</sup> Hér er einnig rætt um að konur stigi einar vikivakadans. Yfirleitt hefur vikivakadansi verið lýst þannig að karl og kona dansi saman, andspænis hvort öðru, við vikivakakvæði. Hér er því ýmislegt óljóst, en þó greinilegt að konur kveða einar „hin fegurstu kvæði sem fást kunna“ og „þau beztu kvæði“. Og konur virðast dansa hringdansinn, kvennadansinn, einar og lýst er fögrum söng þeirra. Konur eru því áberandi í gleðinni og bæði dansa og kveða einar.

Í langflestum íslenskum sagnadönsum er sagan sögð frá sjónarhóli

<sup>15</sup> Ýmsir skrásetjarar og flytjendur, Ása gekk um stræti, *ismus.is*, þjóðfræðisafn, sótt 20. september 2018 af <https://www.ismus.is/search/Ása+gekk+um+stræti>; Tófa situr inni, *ismus.is*, þjóðfræðisafn, sótt 20. september 2018 af <https://www.ismus.is/i/stanza/uid-d461e235-84ae-4652-ae48-d531358d0928>.

<sup>16</sup> DFS 67 er safn kvæðauppskrifta og fróðleiks af ýmsu tagi, sem varðveitt er í þjóðfræðisafni Dana, Dansk Folkemindesamling. *Niðurráðan og undirskipan* er hluti af því safni, í D-hluta þess, nr. 7. Aðalheiður Guðmundsdóttir, „DFS 67“, *Opuscula IX*, Biblioteca Arnarnaganae nól. XLII, 2003, bls. 233–266; Jón Samsonarson ritstj., *Kvæði og dansleikir I*, Reykjavík: Almenna bókafélagið, 1964, bls. liv.

<sup>17</sup> Jón Samsonarson, *Kvæði og dansleikir I*, bls. lix og lxiii. Sjá einnig lýsingar á vikivakadansi: Aðalheiður Guðmundsdóttir, „The Dancers of De la Gardie 11“ *Medieval Studies* 74/2012, bls. 7 (í sérprenti); og Sigríður P. Valgeirsdóttir, *Íslenskir söngdansar í þúsund ár: Andbler aldanna*, Reykjavík: Háskólaútgáfan, 2010, sjá t.d. bls. 54–63.

kvenna, sögusamúðin er þeirra megin og málefni sem brenna eða hafa brunnið á konum á þeim tíma sem kvæðin voru vinsæl, eru meginþemu þeirra: ástir, girnd, ágengir karlmenn, ást í meinum, varðveisla meydómsins – og afleiðingar sem hljóttast af því að glata honum, á stundum grófar og blóði drifnar nauðganir og barnsfæðingar sem fylgja í kjölfarið á þessu öllu, gjarnan þríburafæðingar og hinn óumflýjanlegi dauði barnanna. Við þetta má einnig bæta hefnd kvenna sem minnir jafnvel á langminnugar kvenhetjur hetjukvæða eddukvæða eða Íslendingasagna. Reyndar eru nokkur gamankvæði undantekning frá þessari meginreglu, en þar er framhlepnum ungum konum refsað með nauðgunum og niðurlægingu á meðan hlegið er að dáðlausum körlum.

Bandaríski fræðimaðurinn Paul Acker, sem hefur talsvert skrifað um íslenska sagnadansa, telur að jafnvel megi líta á kvæðin sem tæki til að styrkja konur og efla kvenhlutverkið. Þar hafi konur lært að þær geti mót-mælt, og þær geti hefnt harma sinna. Konur kvæðanna séu sterkar og minni jafnvel á konur eddukvæðanna að því leyti.<sup>18</sup> Hér á eftir verður rætt hvort þetta sé raunin.

### „Fattar hefur hann fingur og smá“

Málfar og stíll sagnadansa bera þess augljós merki að kvæðagreinin er inn-flutt; sérkennileg og „óíslenskuleg“ orð eru algeng, til dæmis er víða talað um „hægaloft“, það er háloft sem var íverustaður kvenna, kona „stár sig með barni“ og formúlan „fattar hefur hann fingur og smá“ sem kemur víða fyrir og verður nánar rædd hér síðar. Beygingar orða eru brenglaðar, endingar vantar oft á tíðum og íslenskum bragfræðireglum er sjaldnast fylgt, ljóðstafir eru sjaldgæfir en þó eru fornar reglur um atkvæðalengd oft viðhafðar. Einstöku sinnum bregður fyrir stuðlun, en hún virðist frekar dæmi um hinn blómaða stíl riddarasagna en fornar norrænar bragreglur, „hvítir hestar“, „gráir gangvarar“ o.þ.h. Tungutakið ber vitni um hraðsoðnar þýðingar og jafnvel slangur síns tíma og ljóst er að dansendur hafa ekki hirt um hvort kvæðin væru á kórréttri íslensku. Slíkt gerðist þó ekki aðeins í dægurlagatextum. Guðbrandur biskup Þorláksson vandaði um við þýðendur sálma í formála *Sálmabókarinnar* frá árinu 1589 en áður höfðu sálmþýðingar oft verið ákaflega hroðvirknislegar og ljóðstafareglum lítt eða ekki

<sup>18</sup> Paul Acker, „Performing Gender in the Icelandic Ballads“, *New Norse Studies: Essays on the Literature and Culture of Medieval Scandinavia*, ritstj. Jeffrey Turco, Ithaca, New York: Cornell University Library, 2015, bls. 301–319.

sinnt. Hann fór fram á að þeir semdu þýðingarnar að venjum í íslenskum skáldskap svo sálmarnir höfðuðu betur til fólks og sættu tilhlýðilegri virðingu.<sup>19</sup> Þetta er því líklega fremur til marks um þýðingarbrag en eitthvað annað. Kvæðin bárust hingað frá öðrum Norðurlöndum, einkum Noregi og Danmörku og því líklegt að þorri fólks hafi skilið þau ágætlega á þeim tungum. Í bjöguðu málfarinu felst einnig hluti af þokka kvæðanna og ekki er loku fyrir það skotið að framandlegt yfirbragð þeirra hafi léð þeim vissan ævintýrablað í hugum flytjenda. Vésteinn Ólason hefur bent á að kvæði sem talin eru gömul hafi oft slípast til og orðið „íslenskulegri“ í tímans rás en yngri kvæði beri enn sterkan keim af hrárrí þýðingu – eða hafi gert það þegar þeim var safnað og þau skráð.<sup>20</sup>

Orðfæri sagnadansanna er einfalt og gagnsætt, jafnvel þótt verið sé að segja frá þungbærri reynslu og sömu hlutir eru oftast orðaðir á sama eða mjög líkan hátt eins og algengt er í munnlegum kvæðskap. Formúlur þar sem sama orðalag er notað til að tjá samskonar atburði eru mjög algengar og flökkuerindi gegna sama tilgangi. Það er auðveldara að tengja saman sagnaefni með stöðluðu orðalagi, auk þess sem áheyrundur og þátttakendur læra fljótlega hvað hver formúla stendur fyrir. Formúlurnar geta snúist um margvíslega hluti og oftast er hægt að sjá hvaða stefnu söguþráður kvæðis muni taka út frá þeim formúlum sem notaðar eru. Formúlur sem tengjast því þegar riddari brýst inn í hífýli kvenna eru nokkrar. „Hægaloft“ er þar lykilorð, sem merkir eins og fyrr segir íverustað kvenna. „Fattar hefur hann fingur og smá/ með listum plokkaði hann lokur í frá“ er algeng formúla og ásökunin „Þú braust upp mitt hægaloft/ plokkaðir lokur í frá“ kemur einnig alloft fyrir. Afleiðingar af slíku lokuplokki eru gjarnan þær að „hún stár sig með barni“ – og ýmist eru börnin tvö, drengur og stúlka eða þrjú, allt drengir. Aðrar algengar formúlur eru: „Axlar hún yfir sig safalaskinn/ so gengur hún fyrir kónginn inn.“ Ungar konur, og reyndar fólk af báðum kynjum, sem á erindi við kónginn gerir þetta þegar mikið liggur við. Strax í kjölfarið fylgir oft: „Hægra fæti í höllina sté“ og ef kóngurinn vill bera á hana fé er svarið oftast en ekki: „Ég hirði ei um þitt rauðagull“. Hörpum sem kastað er á gólf bregður víða fyrir og tengjast harmi eða hugaræsingi og jafnvel þeirri hugmynd að harpan hafi rödd, sé málpípa fórnarlambins.

<sup>19</sup> Guðbrandur Þorláksson, *Ein ny Psalma Bok Med morgum Andligum Psalmum, Kristelegum Lofsaunguum og Vijsum, skickanlega til samans sett og Auken og endurbætt*, Hólar í Hjaltadal: Hólaprentsmiðja, 1589, bls. 10.

<sup>20</sup> Vésteinn Ólason, *Sagnadansar*, bls. 23–24.

„Þrjú fóru þau í steinþró saman“ er algeng formúla í niðurlagi kvæða. Á undan hafa elskendurnir báðir látið lífið, og með þeim er þá annaðhvort barn þeirra eða móðir annars hvors.

Ástarorð og umræða um ást er ekki áberandi og ástin er yfirleitt ekki færð í orð. Birtingarmyndir ástarinnar – eða girndarinnar – eru helst þær að konur eru kallaðar „sæta mín“<sup>21</sup> eða „kæra mín“, og útlitslýsingar á konum jafnt sem körlum gefa tilfinningar í skyn. Karlar eru vænir eða öðlingar og hafa gula lokka, konur eru fagrar sem liljur. Í harmrænum kvæðum sem lyktar oft með dauða annars elskandans, birtist ástin á þann hátt að það þeirra sem eftir lifir springur af harmi eða fellur fyrir eigin hendi. Tilfinningar eru því fremur túlkaðar með gerðum fólks og líkamlegum viðbrögðum en orðum. Í þessu samhengi má benda á umfjöllun Sifjar Ríkharðsdóttur um tilfinningalega forskrift innan norrænna miðaldabókmennta. Þar ræðir hún meðal annars Íslendingasögur og frumsamdar riddarasögur, auk þess sem hún rannsakar mun á frumtexta og þýðingum riddarasagna. Rannsóknin nær því ekki til sagnadansa en samt sem áður eiga hugmyndir hennar vel við hér. Ákveðin tilfinningaleg forskrift segir fyrir um hvaða viðbrögð eigi við hverju sinni, innan hins ritaða texta. Tilfinningaleg forskrift er gjarnan sterk líkamleg viðbrögð; fólk þrútnar af reiði, roðnar af blygðun og springur af harmi, innan hlutlægs texta, þar sem virðist ekki vera við hæfi að ræða sjálfar tilfinningarnar.<sup>22</sup> Það sem er helst áhugavert við samanburð á þýðingum á riddarasögum og frumgerðum þeirra sem oft standa sagnadönsum fremur nærri er að í þýðingunum er yfirleitt dregið úr tilfinningum eða þær alls ekki orðaðar, þótt þær séu ræddar í frumtextanum en bardagalýsingar eru gjarnan lengri og ýtarlegri í þýðingunum en í frumgerðinni. Dæmi um þetta má sjá í bæði *Ívens sögu* og *Tristrams sögu* og *Ísöndar*.<sup>23</sup> Umræða um ást er ekki algeng en hér er eins og tilfinningaleg forskrift leyfi frekar að fólk sýni framangreind líkamleg viðbrögð. Það sama á við í sagnadönsum.

<sup>21</sup> Samkvæmt hefðbundnum skilningi gæti hér verið átt við heimasætu, þá sem situr heima en í sagnadönsum virðist það ekki vera hugsunin, heldur er vísað í skandinavíska merkingu, sæt = væn.

<sup>22</sup> Sjá t.d. Sif Ríkharðsdóttur, „Translating Emotion: Vocalisation and Embodiment in Yvain and Ívens saga“, *Emotions in Medieval Arthurian Literature: Body, Mind, Voice* og *Emotion in Old Norse Literature: Translations, Voices, Context*, bls. 25–56. Sjá einnig Aldís Guðmundsdóttir, „Því ertu þá svo fötur?“, um tilfinningar í nokkrum Íslendingasögum, óutgefin MA-ritgerð við Háskóla Íslands, Reykjavík, 1999.

<sup>23</sup> Sif Ríkharðsdóttir, *Emotion in Old Norse Literature: Translations, Voices, Context*, um *Ívens sögu*, 33–43, um *Tristrams sögu* og *Ísöndar*, bls. 33–56.

Ástamálin sjálf geta verið æði flókin. Elskendur mega ekki eigast fyrir stjórnsmömum feðrum kvennanna, konur eru giftar körlum sem þær hafa ekki valið sjálfar og falla fyrir öðrum yngri og fegurri, karlar girnast konur sem eru lofaðar öðrum, karlar berjast um konur, systkin fella hugi saman. Og karlar nauðga. Yfirgangur karla er augljós, og ofbeldi tengt kynferðismálum er ofarlega á baugi í kvæðagreininni. Í sumum kvæðum brýst karlmaður inn til konu, hann reynir að þvinga hana, hún berst á móti en svo er eins og allt falli í ljúfa löð. Því gæti virst erfitt að átta sig á því hvar mörkin eru á milli þess sem hefur talist eðlileg leið til samskipta og hvenær er farið yfir þau mörk. Það er ekki síður nauðsynlegt að huga að því að samskiptamunstur tengt kynlífi birtist með mjög ólíku móti í bókmenntum síðmiðalda og í nútímanum. Sænski sagnfræðingurinn Henric Bagerius bendir á þetta í bók sinni *Mandom och mödom*.<sup>24</sup> Karlinn er „gerandinn“ í kynlífinu, sá sem stingur limnum inn í „viðtakandann“ hvort sem það er kona eða annar karl, á meðan „viðtakandinn“ eða „viðfangið“ er passíft. Kynlífið er því ekki samspil jafnréttárra einstaklinga. Það þarf ekki að fylgja að viðtakandinn sé samþykkuður því sem gerandinn gerir, eða að gerandinn velti því yfirleitt fyrir sér. Kona hættir að vera mey þegar limnum er stungið í hana og segja má að athöfnin skilgreini hana, sé konan ógift hefur hún misst gildi sitt innan ættarinnar og leitt skömm yfir hana. Í sumum kvæðum er augljóst ofbeldi þó fordæmt með orðalagi eins og „það syndsamlega verk“, „níðingsverk“ eða einhverju slíku.

Áður en áfram er haldið er ekki úr vegi að benda á hugmyndir enska goðsagnafræðingsins og rithöfundarins Marinu Warner, um mikilvægi goðsagna, ævintýra og kvæða eins og sagnadansa, við úrvinnslu erfiðra áfalla. Þar er þekkt saga sögð, eða flutt og notuð í þeim tilgangi að tengja við sögur sem ekki er hægt að orða með öðru móti og flytja þær áfram, svo þær gleymist ekki. Og ekki síður má líta á sögur af þessu tagi sem leið til að takast á við ofbeldið án þess að gangast við fórnarlambshlutverkinu. Þannig gat fórnarlambið unnið úr reynslunni og jafnvel hætt að líta á sig sem fórnarlamb að einhverju leyti – eða að minnsta kosti samsamað reynslu sína reynslu sagnapersónanna.<sup>25</sup>

Hér á eftir verður fjallað um nokkur kvæði sem nálgast ofbeldið á mis-

<sup>24</sup> Henric Bagerius, *Mandom och mödom: Sexualitet, homosocialitet och aristokratisk identitet på det senmedeltida Island*, Gautaborg: Göteborgs Universitet, 2009, bls. 155 og áfr.

<sup>25</sup> Sjá t.d. Marina Warner, *From the beast to the blonde: On fairy tales and their tellers*, Cambridge: Vintage, 1995.

munandi hátt. Í *Soffiukvæði* segir frá samdrætti frændsystkina, barnsfæðingum í kjölfarið og að lokum grimmilegri refsingu sem konan þarf að þola af hendi bróður síns. Í *Kvæði af Rögnavaldi og Gunnhildi* rægir riddarinn Rögnavaldur Gunnhildi drottningu, þegar hún vill ekki þýðast hann. Konungurinn, eiginmaður hennar, trúir honum og refsar henni. Í *Kvæði af Margrétu og Eilíf* koma sífjaspell, nauðgun, íkveikja og dótturmorð við sögu, *Kvæði af vallara systrabana* segir frá því er systir og faðir tveggja fórnarlamba hengja ribbaldann og svo í *Ebbadetrakvæði*, *Kvæði af herra kóng Símoni* og *Kvæði af Knúti í Borg* og *Sveini kóngi* eru mótaðgerðir kvenna sem hafa orðið fyrir ofbeldi teknar fyrir.

Öll kvæðin sem hér verður greint frá er að finna í 17. aldar handritum, og öll nema eitt í *Kvæðabók sr. Gissurar Sveinssonar* (AM 147 8vo) eða handritum sem eru náskyld henni.

### „Dönsuðu þau so daga fimm, þá rann blóð um safalaskinn“

Í *Soffiukvæði*<sup>26</sup> sér Soffía drottning til þess að Kristín, mágkona hennar og systir Valdimars konungs, hlýtur grimmilega refsingu. Frúin Kristín er ýmist sögð hafa átt í ástarsambandi við Burtleif náfrænda sinn eða verið þvinguð til kynlífs af honum, það er misjafnt eftir gerðum kvæðisins.<sup>27</sup> Afleiðingin er sú að Kristín „fæddi mey og svein“ og Soffía drottning segir kónginum Valdimar frá. Hann fer höndum um systur sína og finnur að hún er „mjó sem síld“ og reiðist drottningunni fyrir að hafa haft hana fyrir rangri sök. Hún segir honum að „reyna betur Kristínu, systur þín“. Hann gerir það og dansar með hana dagana þrjá og svo dagana fimm: „þá rann blóð um safalaskinn.// Það varð kónginum mest að harm/ dauð lá hún Kristín á hans arm.“ Samkvæmt einni gerð kvæðisins endar það á formúlunni „þrjú fóru þau í steinþró saman“ en ekki er ljóst hverjir fara með Kristínu í þróna. Vésteinn Ólason getur sér þess til að það séu þeir Valdimar og Burtleifur.<sup>28</sup> Í öðrum gerðum bregst kóngurinn við með því að reiðast Soffíu drottningu og banna henni að sofa frammar í sænginni hjá sér.

Hér má sjá mörg algeng minni. Burtleifur og Kristín eru systkinabörn og því eru samskipti þeirra sífjaspell samkvæmt tíma kvæðisins – en sífja-

<sup>26</sup> Vésteinn Ólason, *Sagnadansar*, bls. 256–259. Umfjöllun um kvæðið í *The Traditional Ballads of Iceland*, bls. 299–306.

<sup>27</sup> Í AM 151a 8vo frá fyrsta fjórðungi 18. aldar sýnir Kristín mótþróa, en ekki í systurhandritum AM 147 8vo.

<sup>28</sup> Vésteinn Ólason, *The Traditional Ballads of Iceland*, bls. 299.

spell eru ekki óalgennt umfjöllunarefni. Kristín fæðir tvö börn, en sjaldnast kemur aðeins eitt barn undir í sagnadönsum. Soffía drottning segir frá og gengur eftir því að hið sanna komi í ljós en Valdimar konungur beinir reiði sinni að henni, eftir að hann sjálfur hefur orðið valdur að dauða systur sinnar. Í flestum gerðum kvæðisins kemur ekki fram hvort Burtleifur hafi þurft að gjalda gerða sinna, en Kristín situr uppi með skömmina og geldur fyrir með lífinu. Þetta kvæði eða tilbrigði við það er mjög víða til, um öll Norðurlönd, í Skotlandi, Þýskalandi og Póllandi. Kvæðið er til í sex handritum hér á landi og gerðirnar eru að mörgu leyti ólíkar, en megininntakið er það sama; kóngurinn Valdimar bindur enda á líf systur sinnar vegna skírlífisbrots í þeim öllum. Sænska fræðikonan Ingrid Ákesson sem hefur skrifað um ofbeldi innan sænskra sagnadansa, hefur helst beint sjónum að heiðursmorðum sem eru nokkuð algeng í sænskum kvæðaarfi.<sup>29</sup> Í því felst að stúlkur sem brjóta gegn siðalögmáli fjölskyldu sinnar eru teknar af lífi til að vernda heiður fjölskyldunnar. Slík kvæði eru einnig til hér á landi, eins og sést á *Soffíukvæði* og jafnvel grunur um brot getur leitt til lífláts. Ákesson hefur einnig bent á að kvæðin varðveiti gömul siðalögmál og hugmyndir um samskipti kynjanna, jafnvel frá upphafstíma kvæðanna sjálfra.

Í *Kvæði af Rögnvaldi og Gunnhildi* sem er af svipuðum toga, segir frá frúnni Gunnhildi, sem gefur fólki margvíslegar gjafir.<sup>30</sup> „Sumum gaf hún malið gull,/ sumum gaf hún kerin full.“ Rögnvaldi gaf hún rauðan skjöld. Rögnvaldur þakkar fyrir sig með að segja „Heyrðu það Gunnhildur væna/ þú skalt vera mín kvæna“, hvort heldur sem er tvær nætur eða lengur. Gunnhildur hefur ekki áhuga á Rögnvaldi og er auk þess víf sjálfs Þiðriks kónigs. Rögnvaldur bregst við með því að rægja hana við kónginn, segir hana hafa látið lokka sig og að hún hafi legið með erkibiskupnum og fimm riddurum. Þiðrik kóngur tekur í hennar gula lokk og dregur hana fram úr rúminu á hárinu. „Hann barði hana daginn og barði hana tvo“, og fram á miðjan þriðja dag en enginn þorir að skerast í leikinn nema yngstu börnin þeirra tvö. Þau biðja henni vægðar og benda föður sínum á að hann geti látið hana bera járn og troða stál. Hún ber járn og treður stál níu sinnum en járnböndin hrökkva af henni. Hún lætur samt lífið, en Rögnvaldur verður að hundí og stígur niður til vítis, en hún að sprundi, sem líklega merkir að hún hafi aftur fengið stöðu meyjar, og stígur upp til himna.

<sup>29</sup> Ingrid Ákesson, „Mord och hor i medeltidsballaderna – en fråga om könsmakt och familjevold“, *Noterat* 21/2014, bls. 45–67.

<sup>30</sup> Vésteinn Ólason, *Sagnadansar*, bls. 259–262. Umfjöllun um kvæðið í *The Traditional Ballads of Iceland*, bls. 162–171.

Hér má sjá hið þekktu þema „afbrýði og trú eiginmannsins á sögusagnir“ og að heiður hans og orðspor skiptir meira máli en hvað er satt og hvað logið. Gunnhildur er ásökuð saklaus og eiginmaður hennar beitir hana miklu harðræði fyrir vikið. Það virðist ekki skipta máli hvort ásakanirnar eru réttar eða rangar, orðspor hennar og þá hans um leið hefur beðið hnekki og hann þarf að rétta hlut sinn með því að refsa henni.

„*Reif hann hennar stakkinn, reif hann hennar serk*“

Í sumum kvæðum fara saman margháttaðar raunir. Hér verður tekið eitt dæmi þar sem óvenju margt er lagt á eina stúlku: nauðgun, sifjaspell, þri-burafæðing og föðurleg reiði. Í *Kvæði af Margrétu og Eilíf*<sup>31</sup> segir frá börnum konungsins í Danmörk. Eilífur nauðgar Margréti systur sinni – hann þekkti hana reyndar ekki í sjón þar sem hún hafði verið lengi í burtu, hvort sem það er honum til málsbóta eður ei. Margrét hefur verið í klaustri en leggur af stað í heimsókn til föður síns. Á leiðinni hittir hún ungan mann: „Tók hann frúna Margrétu/ ofan af hesti sín grá, /bar hana langt á skóginn út/ þar laufið blakar uppá.“ Síðan upphefjast samræður þar sem rauðagull kemur við sögu, sem Margrét vill ekki þiggja, en svo segir: „Reif hann hennar stakkinn/ ofan úr hverjum geira/ gullband lá um axlirnar,/ dreyrinn óx æ meira.// Reif hann hennar stakkinn/ reif hann hennar serk/ áður hann gat framið/ það syndsamlega verk.“ Þegar Eilífur kemst að því að Margrét er systir hans, biður hann hana um að segja engum frá. Margrét heldur aftur í klaustrið. Þegar hún kemur ekki til veislu í höllu föður síns nokkru síðar spyr kóngurinn abbadísina hverju sæti og kemst þá að því að Margrét er barnshafandi. Hann þrýstir á hana að segja hver barnsfaðirinn sé, en hún neitar. Undir lok kvæðisins kveikir kóngurinn í klaustrinu sem brennur á meðan Margrét fæðir þrjá syni með aðstoð þriggja helgra meyja sem leggja börnin í silkiklút. En Eilífur „hann slökkti þann rauðaloga/ með sínu hjartablóði“. Og hann sem var valdur að þessu öllu, lætur líka lífið: „Dauður frá eg hann Eilífur/ fyrir utan eldinn lá.“

Í kvæðinu er nauðgunin nefnd „það syndsamlega verk“, en henni er þar fyrir utan lýst á hlutlægan og um leið mjög myndrænan hátt; hvernig Eilífur rífur fötin af Margréti og hvernig dreyrinn vex. Margrét fæðir börn sín í brennandi klaustrinu og þar má sjá hvernig sögusamúðin birtist í því að henni til aðstoðar eru þrjár helgar konur: „Fagarar voru þær meyjarn-

<sup>31</sup> Vésteinn Ólason, *Sagnadansar*; bls. 248–252. Umfjöllun um kvæðið undir nafninu *Margrétar kvæði* í *The Traditional Ballads of Iceland*, bls. 174–179.

ar/ henni sátu hjá,/ Brít og hún Barbara/ og jómfrú Mária.“ Ekki þarf að útskýra helgi Máriu, Barbara er þekktur dýrlingur í kaþólskum sið og Brít er líklega sama nafn og Birgitta, sem er þekktur sænskur dýrlingur. Sé það rétt er efnið yngra en frá árinu 1373, en það ár dó Birgitta.<sup>32</sup> Niðurstaðan er sú að allir hlutaðeigandi nema kóngurinn láta lífið, enda vandlifað eftir slíkar hörmungar.

„Reif hann hennar stakkinn“ beinir huganum að annarri konu sem fótunum var svipt af. Í *Sigurdrífumálum* ristir Sigurður brynju Sigurdrífu/ Brynhildar frá hálmáli og niður.<sup>33</sup> Í kjölfarið fylgir samtal þeirra tveggja þar sem hún veitir honum aðgang að visku sinni og ávöxtur þessa fundar er dóttirin Áslaug. Síðar, eftir að Sigurður hefur orðið fyrir töfrum Grímhildar, móður Guðrúnar Gjúkadóttur, og gleymt Brynhildi, vinnur hann hana aftur en í þetta sinn í líki Gunnars. Í *Völsunga sögu* liggja þau með sverð á milli sín eftir að Sigurður hefur riðið vafurlogann í líki Gunnars, en í *Niflungaljóðum* er frásögnin með öðrum hætti. Þar brýtur Siegfried (Sigurður) Brünhild (Brynhildi) á bak aftur með miklum ofsa, en stígur til hliðar á síðustu stundu og lætur Gunther (Gunnari) eftir að hafa mök við hana. Í kvæðinu er henni ekki sýnd nein samúð, því konur sem berjast á móti eins og hún gerir, verður að brjóta á bak aftur því annars geta þær gefið öðrum konum einhverjar hugmyndir.<sup>34</sup> Samkvæmt *Niflungaljóðum* missir Brünhild kraft sinn og afl eftir að Siegfried hefur yfirbugað hana fyrir Gunther með ofbeldi. Eftir að Kriemhild (Guðrún) greinir síðan Brünhild frá því hvernig allt var í pottinn búið, hefnir hún sín með því að láta drepa Siegfried og endar eigið líf í beinu framhaldi.<sup>35</sup>

Líkindi eru svo til engin með þeim Margréti og Brynhildi. Margrét er fórnarlamb sem lætur lífið í kjölfar nauðgunar, fæðingar þrífura og íkveikju, en Brynhildur snýst gegn Sigurði sem hefur niðurlægt hana. Hann niðurlægir hana tvisvar, fyrst með því að taka Guðrúnu Gjúkadóttur fram yfir hana, og svo aftur með því að yfirbuga hana í líki Gunnars. Segja má

<sup>32</sup> B. Fritz, „St. Birgitta and Vadstena Abbey in the scholarly literature published during the jubilee year, 2003“, *Scandinavian Journal of History* 29/2004, bls. 279.

<sup>33</sup> *Eddukvæði*, útg. Gísli Sigurðsson, Reykjavík: Mál og menning, 1998, bls. 243–251.

<sup>34</sup> *Das Niebelungenlied*, eftir útgáfu Karl Barsch, útg. Helmut de Boor, Wiesbaden: F.A. Brockhaus, 1979, (vísa 673), bls. 115; *The Niebelungenlied*, þýðandi A.T Hatto, Harmondsworth: Penguin Books, 1965, bls. 92. Öll frásögnin: *Das Niebelungenlied*, (vísur 635–689), bls. 110–118; *The Niebelungenlied*, bls. 87–94.

<sup>35</sup> „Völsunga saga“, *Fornaldarsögur Norðurlanda I*, útg. Guðni Jónsson og Bjarni Vilhjálmsson, Reykjavík: Bókaútgáfan Forni, 1943, bls. 42–70.

að hefndin sé því ekki af sömu rótum runnin og hefnd kvenna í sagnadöns-um, sem yfirleitt tengist kynferðislegu ofbeldi beinlínis. Hefnd Brynhildar tengist þó einnig kynferðislegu ofbeldi að hluta, sérstaklega eins og það birtist í Niflungaljóðum.

„*Hann brá sínum tygilkníf, beggja sveik hann systra líf*“

Nokkrar konur sagnadansanna grípa til dramatískra hefnda. Í *Kvæði af vallara systrabana* eru það systir og faðir tveggja fórnarlamba sem refsá brotamanninum.<sup>36</sup> Í kvæðinu segir frá vallara<sup>37</sup> sem hittir tvær systur á heiði. Hann spyr þær: „Hvort viljið þið heldur láta ykkar líf/ eða vera mitt eigið víf?“ Þær kjósa að láta frekar lífið og hann bregður hníf sínum og „svíkur þeirra líf“. Hann grefur þær í moldu og ljós brennur síðan yfir gröfum þeirra eða þar kemur fram uppsprettulind, það er mismunandi eftir gerðum, og hefur orðið til þess að kvæðið er flokkað með kvæðum af yfirnáttúrlegum atburðum í TSB. Vallarinn heldur til byggða og að bæ systranna. Þar kemur til dyra þriðja systirinn, Ása, sem hann vill kaupa með klæðum systranna sem hann drap. Ása þekkir föt systra sinna og skilur hvernig í öllu liggur. Hún sækir föður sinn, sem kastar hörpu sinni á gólf. Sá verknaður var ræddur hér að framan og tilheyrir dramatísku myndmáli kvæðanna. Kannski endurómar harpan hér sögu systranna eða staðfestir grun systur þeirra. Feðginin grípa að minnsta kosti til þess ráðs að hengja vallarann. Hér er þó ekki ljóst hvort vallarinn hafi beitt systurnar kynferðisofbeldi áður en hann drap þær, en hótun um það er rót þess að þær láta lífið í viðskiptum sínum við hann. Það eru svo fjölskyldumeðlimir sem hefna fyrir og drepa ódæðismanninn.

Í *Ebbadætrakvæði*<sup>38</sup> segir frá systurum sem hefna. Dætrum Ebba er nauðgað í hægaloftinu heima hjá sér. Þar eru Ívars synir, ungir menn af hærri stigum að verki og þeir vita að þær eru einar heima fyrir utan barnungan bróður þeirra: „Við skulum okkur í hægaloft/ vinna meyjum mein/ þar er ei eftir hefndir að taka/ nema einn ungur sveinn.“ Herra Pétur, annar Ívarssona, sparkar upp loftdyrunum og eftir ódæðið eru þær fullar örvæntingar: „Gröfu við okkur í æginn/ og gröfu við okkur í sand/ áður en þessi ótíðindi/ fréttast upp á land.“ Þær hætta þó við þessi áform og ákveða

<sup>36</sup> Vésteinn Ólason, *Sagnadansar*, bls. 246–247. Fyrirsögnin er úr sama kvæði.

<sup>37</sup> *Vallari* er skýrt sem ferðalangur eða pílágrímur í *Íslenskri orðsifjabók*, en Vésteinn Ólason segir orðið þýða ræningi eða stigamaður. *Sagnadansar*, bls. 376.

<sup>38</sup> Sama heimild, bls. 231–236.

að hefna frekar. „Ekki skulum við okkar bróður/ hafa í þessum vanda/ sjálfar skulu þær Ebbadætur/ í þessum málum standa.“ Þær fara til kirkju þar sem móðir Ívarssona hæðist að þeim og kallar þær sonarkonur sínar en þær svara fyrir sig. Systurnar ganga út úr kirkjunni: „sínu megin dyranna hvör þeirra stóð.“ Þær grípa í hár og belti þeirra Ívarssona þegar þeir koma út og „nú skal hefna níðingsverks/ þú veittir fyrr í ár.“ Þeir biðja sér griða, og segjast aldrei áður hafa beðið bóndadætur að gefa sér grið – þetta er minni sem kemur fyrir á fleiri stöðum, að aðalsmenn biðja sér griða með svipuðu orðalagi. En þær veita engin grið. „Þær gjörðu lítinn/ ríksmanns rétt/ hjuggu af honum höfuðið/ við hallarinnar stétt.“ Sá síðari fær sömu útreið. Þegar systurnar koma heim stynur faðir þeirra yfir því hvað sé erfitt að vera faðir – og hann færir dætur sínar í klaustur. Ekki er líklegt að raunverulegar alþýðustúlkur hefðu sloppið svo vel frá tvöföldu morði á ungum aðalsmönnum. Kvæðið er hins vegar á þeirra bandi, og ljóst að sagan hlýtur farsælan endi innan eigin ramma.

Afhöfðun hefðarmanns sem gert hefur á hluta konu er einnig umfjöllunarefnið í *Kvæði af herra kóng Símoni*.<sup>39</sup> Kóngurinn Símon kemur ríðandi á mannamót með danska hofmenn sína og spyr eftir frúnni Ingigerði, „hún bæri sætur af mér“ – sem gæti þýtt að hann telji að hún beri hlýjar tilfinningar til hans. Frúin Ingigerður gefur sig fram, en segir frá því að hann hafi leikið hana illa. Hann hafi fengið að borða hjá henni og rúm að sofa í, en síðan segir:

- |   |   |
|---|---|
| 6. „Þú braust upp mitt hæga loft,<br>þar að eg inni lá,<br>bæði hurð og gættir,<br>plokkaðir lokur í frá.                 | 7. Þú lést þína sveina<br>halda fótum mín<br>meðan þú, herra kóng Símon,<br>framdir vilja þín.                  |
| 8. Þú tókst í minn gula lokk<br>og vast mitt höfuð í serk.<br>Heyrðu það, herra kóng Símon,<br>Þú vannst þar níðingsverk. | 9. Ég var mig með bóndans barn<br>í það sama sinn.<br>Það kom ekki lífs í heim<br>fyrir skemmdargjörning þinn.“ |

Herra kóngurinn Símon iðrast og býður frú Ingigerði rauðagull fyrir. Hún svarar:

<sup>39</sup> Vésteinn Ólason, *Sagnadansar*, bls. 229–231. Umfjöllun um kvæðið í *The Traditional Ballads of Iceland*, bls. 224–226.

11. „Ég vil ei þitt rauðagull  
og ei þitt fótafall.  
Þú skalt missa lífið í dag  
fyrir veröldinni all.“
12. Þeir tóku hann herra kóng Símon  
og hjuggu hans höfuð við stökk,  
en hún frúin Ingigerður  
hélt út í hans lokk.
13. Hún tók í hans gula lokk,  
og kastaði hans höfði í saur.  
„Heyrðu það, herra kóng Símon  
þú gjörðir so til vor.“
14. Engin skyldi kvinnan  
svíkja sinn eiginmann.  
Hér er óður á enda kominn,  
læri hvör sem kann.

Í þessu kvæði eru mörg áhugaverð atriði. Samfélagið samþykkir ekki þá hegðun sem herra kóngurinn Símon hefur sýnt af sér, kona af lægri stigum dæmir hann til dauða og dómnum er framfylgt umsvifalaust. Líta má svo á að hér eigi sér stað gelding á kónginum um leið og hann er hálhöggvinn, á sama hátt og sjá má í kvæðinu hér á undan. Það að afhöfða karl fyrir nauðgun er mjög afdráttarlaus og táknræn aðgerð. Í *Bósa sögu og Herrauds* er getnaðarlímurinn meðal annars nefndur jarl, sem kemst nálægt því að vera samheiti orðsins konungur á miðöldum, og á síðari tímum hefur fremsti hluti limsins ýmist verið nefndur höfuð eða kóngur.<sup>40</sup> Þessi hugrenningatengsl eru því alls ekki langsótt. Þær konur sem hafa orðið fyrir barðinu á körlunum láta sér ekki nægja að drepa þá eða láta drepa. Þær afhöfða þá eða láta afhöfða og frúin Ingigerður sem bæði hefur misst barnið sitt og hjónaband hennar hefur verið svívirt, gengur svo langt að kasta höfði þess sem nauðgaði í saur.

Í báðum þessum kvæðum má sjá augljósa valdeflingu kvenna sem hafa orðið fyrir grófu kynferðisofbeldi, því þær grípa sjálfar til aðgerða. Ebbadætur vilja ekki blanda ungum bróður sínum í málið heldur vinna verkið sjálfar, frúin Ingigerður dæmir kónginn til dauða, heldur í hár hans á meðan hann er hálhöggvinn á sama hátt og hann gerði við nauðgunina, og hendir síðan höfðinu á þann stað sem nýtur minnstrar virðingar, í saurinn. Allt er kvæðið með nokkuð yfiringilegum blæ og býsna gróteskt. Hér hafa fantasían og óskhyggjan tekið söguna yfir og ekki er erfitt að ímynda sér gleðina sem valdalitlar konur gátu haft af því að kyrja slíkan kveðskap og stíga dansinn við. Endalok kvæðisins eru einnig áhugaverð. Konur skulu standa með eiginmönnum sínum, og segja má að Ingigerður

<sup>40</sup> „Bósa saga og Herrauds“, *Fornaldarsögur Norðurlanda* II, útg. Guðni Jónsson og Bjarni Vilhjálmsson, Reykjavík: Bókautgáfan Forni, 1944, bls. 477.

hafi gert það og gott betur, hún tekur að sér það karlmannsverk að taka þátt í að drepa nauðgara sinn og að lokum er engu líkara en nauðgarar framtíðarinnar séu varaðir við – þeir skuli draga lærdóm af þessu kvæði.

Helga Kress hefur skrifað áhugaverða grein þar sem hún tengir mál Agnesar Magnúsdóttur sem var líflátin fyrir hlutdeild í morðinu á Natani Ketilssyni árið 1828, orðfæri sagnadansa þar sem kynferðislegt ofbeldi er til umfjöllunar og ekki síður hefndir kvennanna.<sup>41</sup> Hún telur að líklega hafi Natan nauðgað bæði henni og Sigríði sem var viðstödd morðið, þar sem orðanotkun sem sjá má í lýsingum í málsskjöllum er svipuð og í sagnadönsum. Hún bendir einnig á þann mun sem var á örlögum raunverulegra kvenna sem gripu til þess úrræðis að taka nauðgara sína af lífi, og því hversu létt kvenhetjur sagnadansanna komast frá sínum mannsmorðum. Óhætt er að taka undir þetta og ljóst að óskhyggja ræður frekar örlögum kóngsins og hinum kostulegu málalokum en það sem gerist við þessar aðstæður í raunheimum.

„*Enginn vill í ráðum vera, frúnni að veita sorg*“

Í síðasta kvæðinu sem hér er gert að umtalsefni, *Kvæði af Knúti í Borg og Sveini kóngi*,<sup>42</sup> er atburðarásin ólík fyrri kvæðum. Knútur í Borg vill bjóða Sveini kóngi að drekka vín með sér og brúði sinni, Kristínu. Henni líst illa á það, en Knútur telur að það muni verða þeim í hag. Kóngurinn mætir í brúðkaupið með her gráan fyrir járnum og menn hans spyrja hvort þeir séu á leið í hernað. Sveinn kóngur heimtar að fá að sitja hjá brúðinni og spyr hana: „Hvörsu mikið rauða gull/ skal eg gefa þér/ viljir þú frúin Kristín/ játast mér?“ Kristín segist eiga bæði gull og fé og vill ekkert þiggja frá honum. Kristín tekur þá að gráta á brúðarbekknunum, enda fer það svo að Sveinn kóngur slær brúðgumann, svo honum blæðir út. Áður en hann deyr biður hann Kristínu að minnast sín fyrstu þrjár næturnar í örmum kóngsins. Í beinu framhaldi er haldið brúðkaup Sveins kóngs og Kristínar. „Lágu þau svo nætur tvær/ geymdi hún sig so gjörla/ en á þriðju nóttinni/ sveik hún hann so árla// Hún stakk undir hans herðablað/ svo oddurinn óð í dúni“. Sveinn kóngur nær líka að segja nokkur orð við Kristínu áður en hann deyr: „Heyrðu það sæla sætan mín,/ illa sveikstu mig/ það var ekki vel gjört/ fyrst ég elskaði þig.“ Í framhaldi af því segist hann helst sjá eftir

<sup>41</sup> Helga Kress, „Eftir hans skipun. Natansmál í ljósi sagnadansa og eftirmæla Agnesar“, *Saga* 1/2014, bls. 99–118.

<sup>42</sup> Vésteinn Ólason, *Sagnadansar*, bls. 236–241. Umfjöllun um kvæðið, *The Traditional Ballads of Iceland*, bls. 239–246.

Því að hún sé enn mey. Kristín lofar Maríu mey fyrir að hafa hlíft meydómi sínum, fer að gröf unnusta síns og „pínir þar sitt hold“ þar til hún lætur einnig lífið.

Þetta er eitt af fáum dæmum þar sem svo afdráttarlaus ástarjátning sést innan kvæðagreinarnnar. Dráp Sveins kóngs á brúðguma Kristínar er honum gleymt, eða skiptir ekki máli þar sem hann er sjálfur kóngurinn. Kvæðið er dramatískt á sama hátt og *Kvæði af Margrétu og Eilíf*, það er engin undankomuleið og allir hlutaðeigandi bíða bana. Frúin Kristín drepur svo sannarlega kónginn, sem drap brúðguma hennar og hún bindur enda á eigið líf, því engin önnur leið virðist fær. Hún gefst hins vegar ekki upp fyrir kónginum heldur snýr á hann, þótt fórnarkostnaðurinn sé hennar eigin dauði.

„*dynur í velli, drengir í burtu ríða.*“<sup>43</sup>

Konur þeirra sjö kvæða sem hér hafa verið rædd eru í mismunandi aðstöðu til að takast á við kynferðislegt ofbeldi. Sumar týna lífinu en konur síðast töldu kvæðanna og annarra sem fjalla um svipað efni ná að grípa til hefnda. Ljóst er að sögusamúðin er hjá þeim, jafnvel þótt þær drepri mann, sem væri ekki trúverðugt í raunverulegum heimi. Ofbeldið er orðað opinskátt, karlar taka konur traustataki og reyna að brjóta þær á bak aftur, en það tekst alls ekki alltaf. Þær neita að vera fórnarlömb og grípa til aðgerða, svo fórnarlambið verður að geranda. Kvæðin standa með þeim sem verða fyrir ofbeldinu, helgar meyjar aðstoða Margréti við barnsburðinn og Gunnhildur verður aftur sprund og fer til himna. Þau fordæma verknaðinn með því að kalla hann ýmist „syndsamlegt verk“, „níðingsverk“ eða „skemmdargjörning“.

Hér að framan var minnst á hugmyndir Pauls Acker um að kvenhetjur eddukvæðanna geti hafa verið konum fyrirmyndir, og tengsl þeirra og kvenna sagnadansa. Að sumu leyti má segja að hann hafi rétt fyrir sér, en eins og bent hefur verið á eru sagnadansarnir ekki síður leið til að segja sögur sem erfitt hefur verið að orða með öðrum hætti, ekki mátti segja, og lýsa viðbrögðum sem ekki var pláss fyrir í veruleikanum. Vissulega má líta á kvæðin sem valdeflingu kvenna en allt eins má líta á þau sem eins konar hreinsun, *kaþarsis*, og leið til að horfast í augu við eigin sögur, svipaðar þeim sem sungnar eru og vinna úr eigin reynslu með hjálp þeirra, eins og Marina Warner hefur bent á og nefnt var hér að framan.

<sup>43</sup> Hluti viðlags við *Kvæði af vallara systrabana*, ÍF 15.

Sagnadansar voru sungnir eða kveðnir og stiginn við þá dans – þeir voru fluttir innan ákveðins rýmis. Og þar sem langflestir þeirra fjalla um konur í ýmsum aðstæðum, oft á tíðum erfiðum, þar sem þær eru njörvaðar í þröngan stakk kynhlutverksins, er ekki ólíklegt að kvæðin hafi einmitt verið kveðin af konum, jafnvel fyrir dansi kvenna, innan hins lokaða rýmis dansgleðinnar, þar sem virðist hafa verið svigrúm til að létta af sér hversdagslegu oki og takast á við það um leið. Flutningurinn, dansinn, kveðandinn og samveran gæti sem best hafa verið leið til að takast á við áföll af þessu tagi.

## ÚTDRÁTTUR

**„Reif hann hennar stakkinn, reif hann hennar serk“**

**Nokkur orð um konur og kynbundið ofbeldi  
í íslenskum sagnadönsum**

Í sagnadönsum sem varðveittir eru á Íslandi eru konur og raddir kvenna mjög áberandi enda leituðu sögur af karlhetjum frekar í rímnaformið. Tungutak dansanna er sérstætt og útlenskuskotið, formúlur eru óspart notaðar og frásagnaraðferðin er hlutlæg og skýr. Ástin er fyrirferðarmikið umfjöllunarefni í sagnadönsum en ekki síður ofbeldi sem oft á tíðum er kynferðislegt. Í greininni er sagt frá bakgrunni sagnadansa og tilkomu þeirra hér á landi. Þeir eru ræddir sem hluti munnlegrar menningar um langt skeið áður en þeir rötuðu á blað og urðu hluti íslenskra bókmennta, þar sem menntaðir karlar skráðu kvæði eftir nafnlausum konum. Sjö kvæði eru síðan notuð til að sýna nánar hinar mismunandi birtingarmyndir ofbeldis. Öll eru þau hádramatísk og segja frá erfiðri reynslu: harðræði, nauðgunum, barnsfæðingum og barnadauða, og í sumum þeirra taka fórnarlömbin til sinna ráða og hefna grimmilega.

Bent er á það ósamræmi sem virðist felast í því að syngja og kveða kvæði sem fjalla um svo erfiða hluti á dansskemmtunum. Leiddar eru líkur að því að sagnadansar, sem fjalla um hlutskipti kvenna, hafi fyrst og fremst verið kveðnir og ortir af konum og jafnvel verið þeim huggun og leið til að takast á við kynbundið ofbeldi í raunheimum.

*Lykilorð:* Sagnadansar, konur, kvenlegt sjónarhorn, ást, hatur, ofbeldi, nauðgun, hefnd

## ABSTRACT

### “He tore her gown, he tore her cloak”:

#### Few words on women and gendered violence in Icelandic medieval ballads

In the Icelandic traditional ballads from medieval and post-medieval times, women and their voices are very prominent, while stories of male heroes were rather portrayed in *rímur*. The language is very unusual and shows signs of translation, formulas are frequently used, and the mode of narration is objective and clear. Love is a common subject, and so is violence, often gender-based and sexual. In the article the background of these ballads is discussed shortly and their emergence in Icelandic oral culture and later its literature, as they were recorded by educated men, from nameless sources, most probably women. Seven ballads are then used to show different aspects of violence within the genre. All are highly dramatic, and their subject is harsh: hardship, rape, birth and loss of children, and sometimes the victims take things into their own hands and avenge in a graphic way. How ballads that tell such terrible tales, can have been sung and danced to at joyous gatherings, is an interesting food for thought. It will be reasoned that these ballads have primarily been sung by women, and they can even have been a consolation and a tool to deal with gender-based violence in their own lives.

*Keywords:* Ballads, women, feminine viewpoint, love, hate, violence, rape, revenge

INGIBJÖRG EYÞÓRSDÓTTIR

Doktorsnemi í íslenskum bókmenntun

Íslensku- og menningardeild

Hugvísindasviði Háskóla Íslands

Sæmundargötu 2

IS-101 Reykjavík, Ísland

ine11@hi.is